



Fréttabréf Brekkuskóla

1. mars 2017
7. tbl. skólaárið 2016 - 2017
Ábyrgðarmenn: Stjórnendur


Ágæta skólasamfélag.

Það er margt spennandi framundan í marsmánuði hér í skólanum og má þar fyrst nefna *Stóru upplestrarkeppnina* en að venju verður haldin upplestrarhátíð hér í skólanum áður en okkar fulltrúar keppa fyrir hönd skólans í Menntaskólanum. Morgunmóttökurnar fara í gang að nýju og fáíð þið póst frá umsjónarkennurum með nánari upplýsingum um þær. Við ætlum að skreppa í útivist þar sem allur skólinn mun mæta í brekkur Hlíðarfjalls og njóta útiveru og félagsskapar, krossum fingur og vonum að það verði nægur snjór!

Skólasafnið hefur staðið fyrir lestrarhvatningu með ýmsu móti í vetur og núna er að fara af stað rithöfundaklúbbur sem er þannig að nemendur velja sér bækur eftir ákveðinn höfund, lesa og fylla út miða sem þeir skila til bókavarðar. Nemendur fá afhend viðurkenningarskjöl að lestri loknum. Að lokum má nefna að 27. febrúar var haldið námskeið í Brekkuskóla fyrir kennara í Uppbyggingarstefnunni. Fenginn var fyrirlesari frá Kanada hann Joel Shimoji sem fór á kostum, kom með nýjar hugmyndir og veitti kennurum innblástur til að halda áfram að vinna með stefnuna hér í skólanum.

Með ósk um gott vetrarfrí,
stjórnendur

Uppbyggingarstefnan



Brekkuskóli
v/Skólastíg
600 Akureyri
sími 462-2525
www.brekkuskoli.is

Viðburðadagatal og matseðill – mars 2017

			1. Öskudagur Vetrarfrí	2. Vetrarfrí	3. Vetrarfrí	4.
5.	6. Fiskiklattar, kartöflur, sósa, salat og ávextir	7. Kjöt, kjötsúpa og ávextir	8. Grænmetisbuff, hrisgrjón, salat sósa og ávextir	9. Gufusoðin ýsa, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir	10. Gúllas, kartöflur, grænmeti og ávextir	11.
12.	13. Plokkfiskur, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir	14. Lasagne, brauð, salat og ávextir.	15. Brauðaður fiskur, kartöflur, sósa, salat og ávextir Heimsókn 5 ára leik- skólanemenda	16. Píta, hakk, salat, sósa og ávextir Heimsókn 5 ára leik- skólanemenda	17. Grjónagrautur, slátur og ávextir 7. bekkur Stóra upp- lestrarkeppnin í Brekkuskóla	18.
19.	20. Hakk, spaghetí, salat og ávextir	21. Fiskibollur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	22. Lambasnitset, kartöflur, sósa, salat og ávextir	23. Fiskiréttur í ofni, kartöflur, salat og ávextir.	24. Rjómalöguð súpa, brauð, álegg og ávextir	25.
26.	27. Gufusoðinn fiskur, kartöflur, salat og ávextir Erasmus	28. Hakkbuff, kartöflur, sósa, salat og ávextir Erasmus Útivistardagur í Hlíðar- fjalli	29. Ófnsteiktur fiskur, kartöflur, salat og ávextir Erasmus námsstefna Skólahreysti 7. bekkur Stóra upplestrarkeppnin	30. Steiktur kjúklingur, kartöflur, sósa, salat og ávextir Erasmus	31. Skyr, brauð, álegg og ávextir Erasmus	

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir